



Fundur kosningastjórnar Sósíalistasflokks Íslands sunnudaginn 2. mars 2025, klukkan 11:00 í Bolholti 6 og á Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Halldóra Hafsteins, Björn Rúnar Guðmundsson, Þórdís Bjarnleifsdóttir, Sigrún Unnsteinsdóttir og Bergljót Gunnlaugsdóttir.

Halldóra ritar fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Skoða síðar.

2. Starfið á milli funda.

Umræða um nýliðinn vinnufund sem var haldinn 15.-16. febrúar. Hugmyndir settar fram um stofnun kjördæmaráða, umræðu haldið áfram síðar. Niðurstaðan sú að það þarf að kortleggja hvar virkni er í kjördæmum. Samþykkt að Bergljót athugi norðvesturkjördæmi, Þórdís athugi suðurkjördæmi, Sanna athugi norðausturkjördæmi og Björn athugi suðvesturkjördæmi. Þarf að auka sýnileika og efla fólk í floknum og mikilvægt að áherslan eigi að vera á komandi sveitarstjórnarkosningar. Umræða um vinnu Björns varðandi skóla og fræðslumál, verður haldið áfram síðar.

3. Skipulagning fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Samþykkt að stefna að því að halda fund um komandi sveitarstjórnarkosningar þann 29. mars.

4. Opnir fundir.

Stefnt að því að halda opinn fund um komandi sveitarstjórnarkosningar þann 29. mars.

5. Fjáröflun.

Umræða um leiðir til fjáröflunar. Söluvarningur og söluleiðir.

6. Önnur mál.
Engin önnur mál.